



Reykjavík, 20. maí 2020

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 474/2017, um leyfi til að stunda farþegaflutninga og farmflutninga á landi.

Hinn 7. maí 2020 birti samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 474/2017, um leyfi til að stunda farþegaflutninga og farmflutninga á landi. Samtök ferðaþjónustunnar, SAF vilja með erindi þessu koma eftirfarandi ábendingum og tillögum á framfæri.

Í allnokkurn tíma hafa erlend hópbifreiðafyrirtæki og ferðaþjónustufyrirtæki starfrækt hópbifreiðar og ferðaþjónustubifreiðar í gestaflutningum hér á landi án þess að skilgreind tímamörk hafi gilt um slíka flutninga. Markmið þeirra breytinga sem gert er ráð fyrir með reglugerðinni er að skilgreina tímamörk gestaflutninga þannig að þeir miðist við 14 samfellda daga á hverjum mánuði og fagna samtökin því að fram séu komin tímamörk. Samtökin sakna þess þó að ekki sé skýrar kveðið á um að ökutæki verði flutt úr landi eftir að tímabundinni notkun hér á landi lýkur.

Breytingin sem um ræðir er í takt við sambærilega túlkun danska samgönguráðherra á tímamörkum gestaflutninga, sem er eitt verkefni á hverjum mánuði sem ekki má vara lengur en í 7 daga. Samtök ferðaþjónustunnar fara fram á að skilgreind tímamörk hér á landi verði í takt við þau dönsku, þ.e. 7 samfellda daga á mánuði og miðist við eitt verkefni. Til vara fara samtökin fram á að verði 14 daga tímamörk fyrir valinu verði engu að síður miðað við eitt verkefni innan þess tímaramma.

Samtökin benda á mikilvægi þess að þau tímamörk sem mælt er fyrir um séu skýr og geri ráð fyrir að ökutæki verði flutt úr landi eftir að hafa sinnt gestaflutningum að hámarki í þann tíma sem mælt er fyrir um í reglugerðinni. Samtökin mæla með að við 2. grein reglugerðardraganna bætist við svohljóðandi málsliður; „*Ökutæki skal vera skráð hjá Skattinum með tímabundna akstursheimild degi fyrir upphaf gestaflutnings á Íslandi og vera afskráð hjá Skattinum í síðasta lagi degi eftir að gestaflutning lýkur*“

Samhliða ofangreindri ábendingu vekja Samtök ferðaþjónustunnar athygli á því að margir erlendir bílstjórar þeirra erlendu hópþífreiða- og ferðaþjónustufyrirtækja sem starfa hér á landi njóta kjara langt undir þeim kjörum sem í boði eru á íslenskum vinnumarkaði. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir slík félagsleg undirboð m.a. með því að stjórnvöld styrki og hvetji eftirlitsaðila og stofnanir til að tryggja skilvirkt eftirlit með þeim starfa hér á landi án tilskilinna leyfa og réttinda.

Virðingarfyllt
F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Gunnar Valur Sveinsson', written over a faint, illegible background.

Gunnar Valur Sveinsson